

# Stjórnarfundur LH 15. nóvember 2007

## 11. fundur. Haldinn í Íþróttamiðstöðinni Laugardal.

Aðalstjórn og varastjórn voru boðaðar til þessa fundar. Mættir voru: Haraldur Þórarinnsson, Vilhjálmur Skúlason, Einar Ragnarsson, Oddur Hafsteinsson, Þorvarður Helgason og Sigfús Helgason, aðrir boðuðu forföll. Einnig var mætt Sigrún Ögmundsdóttir frá skrifstofu LH.

### 1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar

Fundargerð síðasta fundar yfirfarin og hún samþykkt með orðalagsbreytingum.

### 2. Mótaröð LH

Taka hugmyndina upp að nýju og sjá hvað hægt er að gera með styrktaraðilum. Fá Regínu að málinu ásamt Samúel Erni, einnig athuga með Bjarnleif og Berg Hallgrímsson.

Sigfús Helgason. Flýta þarf fyrsta fundi vegna samninga við RÚV. Regína stýri málinu og boðar fyrsta fund.

### 3. Menntaráðstefna á vegum LH

Vilhjálmur Skúlason fer yfir fund sem haldin var á Hvanneyri (fskj. 1). Niðurstaðan að boða til ráðstefnu á vegum og ábyrgð LH með aðkomu annarra hagsmunaaðila. Haraldur og Vilhjálmur fylgja málefnum eftir ásamt Sigrúnu Ögm.

### 4. Öryggismál

Fundur í samvinnu við Vís Agria um breytt umhverfi, þ.e. hestamennska í þéttbýli. Nauðsynlegt að koma á fundi með umhverfissráðherra og þeim sérfræðingum sem um málið hafa fjallað og koma á sambandi. Haraldur og Sigrún fylgja málinu eftir. Einnig þarf að skoða hvort hægt verður að koma á ráðstefnu á Akureyri í samvinnu við Ástu hjá Létti. Sigfús hafi samband við Ástu og Léttismenn.

### 5. Umsóknir um Landsmót 2010

Fyrir liggur umsókn frá hestamannafélögunum í Skagafirði um að halda Landsmót 2010. Haraldur leggur áherslu á að á næsta fundi verði ákveðið hvort gengið verður til samninga eða ekki. Áður en sú ákvörðun verður tekin finnst stjórn rétt að Skagafirðingar staðfesti umsóknina. Jafnframt telur stjórn að rétt sé að auglýsa eftir áhuga annarra.

### 6. Íþróttamaður og íþróttakona ársins 2008 - ÍSÍ

Stjórn LH velur Þórarinn Eymundsson og Olil Amble. Skrifstofa sjái um að gera greinargerð um þau til ÍSÍ.

### 7. Hátíðarbúningur knapa - menntamálaráðuneytið

Þarf að athuga málið og taka afstöðu af eða á. Málið er komið út um víðan völl og langt frá öllum upphaflegum hugmyndum. Haraldur og Sigrún fylgja málinu í höfn. Ef hægt er að gera þetta að verkefni unglingslandsliðs að þá styðjum við málið, annars ekki.

### 8. Vinnuhópar af formannafundi

Bjarni Snæbjörn Jónsson mætir á fundin og fer yfir mál formannafundarins og telur að mál sem fram komu á fundinum hafi verið ákveðin og að auðveldlega ætti að vera að setja fram verkefnaskrá eftir málefnum. Bjarni telur rétt að fara vandlega yfir málefni og forgangsraða þeim. Sum eru tiltölulega einföld í framkvæmd meðan önnur þurfa mikinn undirbúning og mikla vinnu. Eftir að búið er að forgangsraða er nauðsynlegt að úthluta og dreifa verkefnum. Passa að vísa í réttar nefndir en búa ekki til ný batterí.

## 9. Önnur mál

- a) Framkvæmdanefnd falið að ganga frá ráðningamálum Jens Einarssonar til LM.
- b) Starfsmaður reiðvegamála, fyrirspurnir frá Oddi Hafsteinssyni, –Verkefnið er í vinnslu og þegar hafa komið fram loforð um styrki frá Vegagerðinni og Pokasjóði. Reiðveganefndin hefur fullan stuðning stjórnar LH. Það þarf að boða nefndir á fundi stjórnar á næsta ári.
- c) Búið að ganga frá leigu á Fáksheimilinu fyrir stjórn FEIF sem ætlar að halda almennan félagsfund um málefni FEIF kynningu á störfum alþjóðasamtakanna. Farið verður í gegnum skipulagsskrá/lög um starfsemi FEIF á næsta fundi.

Næsti fundur stjórnar ákveðinn 7/14.desember.

*Fleira ekki fært til bókar  
Fundarritari: Einar Ragnarsson*